

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 Selfoss

19.6.2024

Efni: Selfosslína 1. - Ósk um heimild til lagningar 66/132 kV jarðstrengs, um 1.5 km lengd.

Vegna væntanlegrar vegagerðar við nýja Ölfusárbrú hyggst Landsnet leggja 66/132kV jarðstreng í stað Selfosslínu 1 sem er 66 kV loftlína austan við Selfoss. Strenghlutinn mun ná frá tengivirki austast í bænum og að mastri 114 sem staðsett er á golfvelli austan við nýja veginn.

Um þriðjungur leiðarinnar liggur um Sveitarfélagið Árborg.

Strengurinn verður rekinn á 66 kV spennu fyrst um sinn.

Verkið verður unnið ásamt verkefni Landsnets við lagningu Rimakotslínu 2 og er áætlað að vinna við jarðvinnu og lagningu strengja fari fram haustið 2024. Reikna má með að framkvæmdir taki um 2 mánuði.

Með erindi þessu er sótt um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Meðfylgjandi er lýsing mannvirkja og nánari upplýsingar um framkvæmdina ásamt yfirlitskortum, teikningum, framkvæmdatilkynning til Skipulagsstofnunar, matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar og aðrar upplýsingar í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Virðingarfyllst, f.h. Landsnets hf.

Kristján Ari Úlfarsson

Meðfylgjandi gögn:

- Lagning jarðstrengs fyrir SE1 austan Selfoss. Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.
- Yfirlitskort og teikningar
- Framkvæmdatilkynning til Skipulagsstofnunar (Matsskyldufyrirspurn)
- Matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar